



# Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna



Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða en ekki er hægt að ráða bót á slíku heyrnartapi.

Heyrnartjón af völdum hávaða er algengasti atvinnusjúkdómurinn.

Hljóðstyrkur er mældur í einingu sem nefnist desibel, dB(A). Markmið reglnanna er að hávaði á íslenskum vinnustöðum verði undir 85dB(A) meðaltalshávaða á 8 stundavinnudegi.



Á vinnustöðum, þar sem meðaltalshávaði er yfir 85 dB(A) og þar sem hann kemst upp í 110 dB(A) eða meira, skulu starfsmenn bera heyrnarhlífar

## Samkvæmt reglunum skal atvinnurekandi m.a.:

- gera ráðstafanir til að takmarka hávaða eins og kostur er
- láta starfsmönnum í té heyrnarhlífar þeim að kostnaðarlausu sé þeirra þörf
- fræða starfsmenn um hættuna á heyrnarskemmdum og um varúðarráðstafanir
- láta árlega mæla heyrn þeirra starfsmanna sem eru í hávaða yfir mörkum

## Samkvæmt reglunum skulu starfsmenn m.a.:

- bera heyrnarhlífar ef hávaði er yfir mörkum
- gæta þess að hávaði skapist ekki að óþörfu
- stuðla að því að ráðstafanir til að draga úr hávaða komi að notum
- taka þátt í mati og mælingum á hávaða á vinnustaðnum

Í reglunum eru ákvæði um hávaðamörk í verkstjórnarherbergjum, mat- og kaffistofum, skrifstofum og fleiri stöðum.



Reglurnar (nr. 500/1994) fást hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðu þess.



**VINNUEFTIRLITIÐ**

Bildshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610  
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is

Horntun: JPS